

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Zoom fundur – Fundur #1 starfsárið 2021-22

Dagsetning: 16. Júní 2021

Tími: 12:00 til 13:00

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Edda Rún Ragnarsdóttir (ERR), Elísabet Tanía Smáradóttir (ETS), Eydís Rós Eyglóardóttir (ERE), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), og Vigdís Jóhannsdóttir (VJ) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR). Fjarverandi voru Katrín Kristjana Hjartardóttir (KKH) og Unnur Elva Arnardóttir (UEA).

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Hringurinn tekinn stutt 12:05-12:10
3. Verkefni stjórnar kynnt 12:10 – 13:00
4. Önnur mál

Formaður stjórnar, Sigríður Hrund, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum SHP og ETS.

1. Dagskrá stjórnarfundar

Sigríður Hrund fór yfir dagskrá fundarins.

2. Hringurinn tekinn stutt

Mættar stjórnarkonur fóru yfir hvar þær voru staddar og hvernig ástandið væri hjá þeim og þeirra vinnustað.

3. Verkefni stjórnar kynnt

Farið var yfir hefðbundin verkefni stjórnar og hlutverk stjórnar voru rædd. Ákveðið var að taka sumarfrí og raða niður í hlutverk stjórnar sem og ábyrgð stjórnarkvenna á verkefnum á næsta fundi í byrjun ágúst.

Margrét Jónsdóttir Njarðvík sagði sig frá stjórnarstörfum vegna anna. Þakkar stjórn henni fyrir óeigingjarna og ótakmarkaða vinnu í þágu félagsins í sínum stjórnarstörfum.

Margrét Hallgrímsdóttir baðst einnig undan stjórnarstörfum en kvaðst tilbúin til að taka við verkefnum til að aðstoða og létta á með stjórn ef þurfa þykir.

Fundi sliti kl. 13:00.

Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.